

Ársskýrsla umf. Geisla 2020

Starfsemi ungmennafélagsins Geisla var með hefðbundnum hætti á árinu.

Aðalfundur var haldinn þann 5. mars 2020.

Ekki varð nein breyting á stjórn félagsins en hún er þannig skipuð:

Valur Magnússon formaður,

Ingvar Björnsson varaformaður,

Birgir Ingbórsson gjaldkeri,

Þóra Sverrisdóttir ritari og

Sigmar Guðni Valberg meðstjórnandi.

Frjálsíþróttaæfingar voru haldnar einu sinni í viku á Blönduósvelli og er það annað sumarið sem við erum með æfingar okkar á þeim velli, það hefur mælst ágætlega fyrir enda aðstaðan betri þar en á Húnavöllum.

Þjálfarar í sumar voru þau Ingvar Björnsson og Aðalheiður Ingvarsdóttir það kemur sér vel að hafa tvö við þjálfun og geta aldursskipt hópnum.

Mæting var oftast nokkuð góð miðað við þann barnafjölda sem er á okkar svæði og það ástand sem uppi var í þjóðfélaginu vegna Covid 19 sem olli því að fólk hélt sér mikið heima fyrir.

Fótboltaæfingar voru haldnar einu sinni í viku á Húnavöllum mæting var fremur slök, um fótboltaæfingarnar sá Pálmi Gunnarsson.

Á Héraðsmóti USAH urðu Geislamenn í 4. sæti, enda má segja að keppendafjöldi okkar hafi ekki verið minni á Héraðsmóti áður.

Að móti loknu fóru keppendur og starfmenn í pizzuveislu á veitingastaðin B og S.

Eins og áður segir var covid 19 faraldurinn og þar af leiðandi ekki mikið um mótahald á árinu utan að hægt var að halda Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum á Sauðárkróki en þar sigraði Aðalheiður Ingvarsdóttir spjótkast í sínum aldursflokk. En síðan féll m.a. unglíngalandsmótið niður sem búið er að halda samfleytt í yfir 20. ár og verið góð þáttaka í frá okkur. Má segja að þetta hafi verið svona ár biðarinnar, en nú horfa hlutirnir til mun betri vegar og er von okkar að börnin detti ekki úr íþróttaiðkun af þessum orsökum.

Félagið á nokkuð gott úrval af áhöldum og tækjum og er fjárhagur félagsins í góðum málum.

Valur Magnússon.

Formaður.